

Stjórnarfundur UMSB 18. maí 2016 kl: 20 í þjónustumiðstöð UMSB

Mætt: Sólrún Halla sambandsstjóri, Sigríður Dóra tómskundastjóri, Guðrún Þórðar, Þórhildur María, Þórkatla Dagný ritari, Pálmi framkvæmdastjóri.

1. Sambandsstjóri setur fundinn.
Sólrún Halla sambandsstjóri setur fundinn
2. Sambandsstjóri ber undir atkvæði fundargerð síðasta stjórnarfundar.
Fundargerð samþykkt samhljóða og ritað undir.
3. Sumarstarfið, Sigga Dóra fer yfir stöðuna
 - a. Búið að senda út dagskrá og upplýsingar fyrir Sumarfjör 2016 (Borgarnes, Hvanneyri, Kleppjárnsreykir og Varmaland).
 - b. Skráningu lýkur í maí, ef skráningar berast seint er hægt að skrá sig í þær vikur sem verða.
 - c. Stjórnin er beðin um að koma með hugmyndir að smiðjum eða litlum námskeiðum fyrir 5-7. bekkina.
 - d. Farið yfir stöðu á vinnuskólanum, skráningu o.fl.
4. Farið yfir samstarfssamninga UMSB og Borgarbyggðar.
UMSB er með tvo samninga við Borgarbyggð
Samningur eitt:
 - a. Sjá um að reka þjónustumiðstöð
 - b. Úthluta pening milli deilda
 - c. Úthluta tímum fyrir íþróttahúsin og sparkvöllina.
 - d. Kjör íþróttamanns Borgarfjarðar
 - e. Afreksmannasjóðinn
 - f. HeilsuvikaUMFÍ (haldin 23. - 29. maí í ár).
 - g. Umsjón íþróttavalla
Samningur tvö:
 - h. Sjá um félagsmiðsstöðvar og íþrótt- og tómskundaskólann
 - i. Sjá um vinnuskólann á sumrin og Sumarfjör fyrir 1-7 bekk.
5. Unglingalandsmót.
 - a. Unglingalandsmótsnefnd hefur verið að funda reglulega og er allt í góðum farvegi.
 - b. Hljóðmæling var tekin í síðustu viku fyrir mótorkrossbrautina og skotsvæðið. Eignum eftir að fá niðurstöður en það virtist allt vera í toppstandi.

- c. Fundur með sérgreinastjórum og keppnisstjóra á næstunni.
- d. Framkvæmdir komnar af stað við íþróttamannvirkin og ganga vel.
- e. Tartanið á frjálsíþróttavellinum verður þrifið í næstu viku og það er búið að kaupa vökvunartæki fyrir grasvöllinn.
- f. Fjáröflun enn í gangi en fjármögnun Unglingalandsmótsins er langt komin.

6. Önnur mál.

- Setja á námskeið fyrir formann, ritara og gjaldkera sem eru að koma ný inn í stjórnir aðildarféлага og fara yfir hvað starfið þeirra felur í sér innan stjórnarinnar og starf stjórnar UMSB almennt.
- Ræddar voru hugmyndir um málefni fyrir næsta formannafund:
 - a. Þátttökuverðlaun á mótum og verðlaun, við viljum fylgja reglum ÍSí.
 - b. Skoða reglur um úthlutun úr afrekamannasjóði.
- Búið að senda út dagskrá fyrir Hreyfiviku UMFÍ sem verður haldin 23. - 29. Maí.
- Vorfundur UMFÍ verður haldinn laugardaginn 21. maí og mun sambandsstjóri mæta á hann.

Næsti fundur 21. júní 2016 í Borgarnesi.

Fundi slitið kl: 22:20
Þórkatla Dagný ritaði fundargerð.